

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 18. ágúst 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-62/2009:

### **I**

Hinn 17. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit vegna kaupa á farmiða hjá Y. Álitsbeiðandi lýsir kvörtun sinni og kröfum m.a. með eftirfarandi hætti:

„Ég keypti farseðil ásamt minni fyrirverandi konu hjá Y og hann var greiddur út til hennar án minnar vitundar, fékk að vita það þegar ég ætlaði að fá honum breytt 3 vikum fyrir brottför og vilja þau ekkert gera.“

Álitsbeiðandi lýsir því einnig að farseðillinn sem hafi verið á sínu nafni og hafi verið greiddur inn á vísakort fyrirverandi eiginkonu sinnar en hann hafi greitt fyrir farseðilinn af sínu korti en hann hafi kostað kr. 130.000.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerð nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt lögum nr. 87/2006 geta aðilar sem greinir á um réttindi sín og skyldur í kaupum samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup eða lögum nr. 48/2003 um neytendakaup snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið. Valdsvið kæruneftndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Sá ágreiningur sem uppi er á milli aðila fellur hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur farmiðakaup, þ.e. skilríki eða nokkurs konar ávísun á rétt til þess að ferðast með flugvélum Y.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir í 1. gr.:

Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjarmuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjarmunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.

Af skilgreiningu þessari er ljóst að viðskipti þau sem álitsbeiðandi kvartar undan falla ekki undir gildissvið laga nr. 42/2000 sem leiðir aftur til þess að kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir að gefa álit sitt á ágreiningnum.

Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að samkvæmt framansögðu og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa beri að vísa beiðni X frá nefndinni.

Kærunefndin telur hins vegar rétt að benda álitsbeiðanda á þann möguleika að leita með ágreininginn til úrskurðarnefndar Samtaka ferðaþjónustu og Neytendasamtakanna, en sú nefnd er vistuð hjá Neytendasamtökunum.

## II

### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir